

Vatnsendaskóli

Foreldrakönnun 2019

Vatnsendaskóli tekur þátt í foreldrakönnun grunnskóla sem Skólapúlsinn framkvæmir. Könnunin var framkvæmd í febrúar 2019 og var úrtakið 119 foreldrar nemenda á öllum aldurstigum. 105 foreldrar svöruðu könnuninni sem er 88,2% svarhlutfall. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniúkvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Í öðrum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstóð af meðaltali foreldra úr þeim skólum sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu. Öryggismörk í marktektarprófum voru 90%.

Foreldrakönnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum en þeir eru nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Hér á eftir verður greint frá helstu niðurstöðum.

Nám og kennsla

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum mælist 4,8 í Vatnsendaskóla en 5,2 yfir landið. Þetta er munur upp á 0,4 stig sem telst ekki mikill munur. Foreldrar stúlkna eru ánægðari með nám og kennslu í skólanum en foreldrar drengja en hjá þeim foreldrum munar 0,5 stigum miðað við landið. Foreldrar nemenda í 1.-4. bekk eru síst ánægðir með nám og kennslu í skólanum en foreldrar nemenda í 8.-10. bekk eru ánægðastir. Foreldrar eru ánægðir með kennara og kennsluaðferðir og telja að skólinn standi sig vel í að mennta nemendur og að námslegum þörfum þeirra sé mætt. Þeir telja þó að skólinn geti tekið sig á í að veita reglulegar gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda.

Ánægja foreldra með stjórnun skólans er 5,8% minni en landsmeðaltalið. Foreldrar stúlkna eru síður ánægðir en foreldrar drengja. Foreldrar nemenda í 5.-7. bekk eru síst ánægðir með stjórnun skólans á meðan foreldrar nemenda í 8.-10. bekk eru ánægðastir. 84,7% foreldra telja að skólanum sé mjög vel eða frekar vel stjórnað en yfir landið er talan 90,9%.

85,3% foreldra telja þyngd námsefnis hæfilegt sem er rúmlega 2% meira en landið. 3,9% telja námsefnið of þungt og 10,8% foreldra telja námsefnið of létt. 90,6% foreldra nemenda á unglingastigi telja námsefnið hæfilegt en önnur stig eru nokkuð á pari við landið.

Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra mælist 8,8% minni en landsmeðaltalið. 69,1% foreldra telja aga í skólanum vera hæfilegan, 1% telur hann of mikinn og 29,9% telja hann of lítinn. Þegar niðurstöður eru skoðaðar kemur í ljós að 86,7% foreldra nemenda á unglingastigi telja hæfilegan aga í skólanum en í þessum aldurshópi eru 74,8% foreldra á landsvísu sem telja hæfilegan aga í sínum skóla. Á yngsta stigi eru 66,7% foreldra sem telja aga hæfilegan en á landsvísu er talan 81,4%. Á miðstigi telja 53,6% foreldra agann í skólanum hæfilegan en á þessu stigi telja 75% foreldra á landsvísu agann hæfilegan. Það er því ljóst að umbóta er þörf varðandi viðhorfi foreldra á aga á yngsta- og miðstigi.

Velferð nemenda

Að mati foreldra líður nemendum almennt vel í Vatnsendaskóla og þá í kennslustundum og frímínútum. Þeir eru einnig ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda. Yfir 90% foreldra eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með samskipti kennara og annars starfsfólks við sitt barn. Marktækur munur er þó á svari foreldra samkvæmt kí-kvaðrat prófi vegna samskipta annarra kennara við barn þeirra. Þar segjast 6,1% vera frekar eða mjög óánægður með þessi samskipti.

Í þessum lið er umfang eineltis einnig skoðað. Spurningunni fylgir ekki skilgreining á orðinu einelti þar sem ætlunin er ekki að hafa áhrif á viðhorf foreldra heldur að fá fram þeirra upplifun á stöðunni. Niðurstöður könnunarinnar sýnir að umfang eineltis í Vatnsendaskóla er 8% hér en 9,3% á landsvísu. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum mælist 22,5% minni en á landsvísu. Eingöngu þeir sem nefna að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti svara þessari spurningu. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans er 4,7% lægri en á landsvísu.

Aðstaða og þjónusta

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er 0,1 stigi lægri en landsmeðaltalið sem telst lítill munur. Spurningar sem mynda þennan matsþátt beinast að aðstöðu í frímínútu, möguleika á tómstundaiðkun eftir skóla, aðgangi nemenda að tölvum í skólanum, aðbúnaði í almennum kennslustofum, aðstöðu fyrir list- og verkgreinar, aðstöðu í matsal og aðstöðu til íþróttakennslu.

Ánægja foreldra með tómstundabjónustu er 1,1 stigi lægri en landsmeðaltalið og telst það töluverður munur. Minnsta ánægjan er hjá foreldrum nemenda í 1.-4. bekk og munar þar 2 stigum miðað við landsmeðaltalið sem telst mikill munur. Þeir þættir sem þarfnast umbóta varða líðan barna, eftirlit með starfinu og samskipti barnsins við starfsfólkið.

Hlutfall nemenda sem taka þátt í tómstundabjónustu/frístundaheimili er 7,7% minni en á landsvísu. Tölfræðilegur marktækur munur samkvæmt kí-kvaðrat prófi kemur fram í svörum foreldra nemenda í 1.-4. bekk. Umbóta er þörf til að auka þátttöku nemenda í 3. og 4. bekkjum í frístundinni.

Foreldrar eru minna ánægðir með máltíðir í mötuneyti í Vatnsendaskóla en á landsvísu en þar munar 11,1%. Tölfræðilega marktækur munur samkvæmt kí-kvaðrat prófi er á viðhorfum foreldra nemenda á mið- og unglingastigi og er umbóta þörf í þeim hópum.

Þegar notkun á mötuneyti er skoðuð kemur fram 83,2% svarenda eiga börn sem eru í mat í skólanum sem er 5,7% minna en á landsvísu. Þessi munur liggur aðallega hjá nemendum í 8.-10. bekk og þarf skólinn að leita leiða til að auka fjölda nemenda á unglingastigi sem er í mat í hádeginu.

Foreldrasamstarf

Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi er töluvert lægra í Vatnsendaskóla en á landsvísu en það munar 0,9 stigum. Marktækur munur á dreifingu svara innan skólans og utan hans samkvæmt kí-kvaðrat prófi kemur fram í þremur spurningum sem mynda matsþáttinn. Í þessum spurningum er spurt hvort kennari hafi haft samband við foreldra, hvort kennari hafi beðið foreldra um að fylgjast með heimanámi barnsins og hvort kennari hafi beðið foreldra um að ræða skóladaginn við barnið. Umbóta er þörf varðandi þessa þætti.

Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur mælist 10,2% lægri en á landsvísu. Tölfræðilega marktækur munur samkvæmt kí-kvaðrat prófi er á þessum þætti í svörum foreldra nemenda á yngsta- og miðstigi og er umbóta þörf.

Foreldrar telja að skólinn leiti ekki mikið eftir tillögum og hugmyndum frá þeim varðandi ákvarðanir sem varða þeirra barn. Þeir telja þó að ábendingar þeirra séu teknar til greina þegar það á við en 73,5% foreldra eru mjög eða frekar sammála því.

Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með sínu barni er mun minni en á landsvísu en þar erum við 13,6% lægri. Með námsáætlun er átt við t.d. markmið um heimanám eða námsárangur. Foreldrar telja þó mikilvægt að gera námsáætlun með sínu barni.

Foreldrar telja sig minna upplýsta um stefnu skólans og námskrá en á landsvísu og munar það 17,9% sem er upplýstir um stefnu skólans og námskrá, þar erum við með 17,9 % lægri tölu en landsmeðaltalið. Umbóta er þörf varðandi þennan þátt.

Foreldrar eru ánægðir með síðasta foreldraviðtal og heimasíðu skólans.

Heimastuðningur

Í þessum lið er virkni foreldra í námi barna sinna skoðuð, trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið, heimanám, tími sem foreldrar aðstoða við heimanám og væntingar foreldra um háskólanám eða iðnnám. Í öllum þessum þáttum eru viðhorf foreldra nálægt landsmeðaltali eða hærra.

Eini þátturinn sem þarfnast umbóta í þessum lið er vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu. Á yngsta stiginu er tölfræðilega marktækur munur samkvæmt ANOVA prófi

en þar eru svörin 0,6 stigum lægri en yfir landið. Í heildina munar 0,3 stigum og er umbóta þörf varðandi þennan þátt.

Heildarniðurstöður könnunarinnar birtast á heimasíðu skólans.

Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar 2019 birtist á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólans.